



Skrifstofa landgæða
postur@uar.is

Akureyri, 27. janúar 2021.

Málefni: Frumvarp um Hálendisþjóðgarð – umsögn.

Vegna áforma um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands er okkur skylt að gera nokkrar athugasemdir við framlagt frumvarp um Hálendisþjóðgarð. Við undirritaðir höfum ferðast um Ísland jafnt sumar sem vetur, verið með áróður gegn utanvegaakstri, stikað hálendislóða, unnið með Landgræðslunni staðið að ræktun á hálendinu og markvist til að hindra sandfok á hálendisvæðum.

Vegna reynslu okkar af stofnun og reksturs Vatnajökulsþjóðgarðs þá tókum við til hér nokkrar athugasemdir sem við viljum koma á framfæri:

- 1) Loforð um ferðafrelsi í VJÞ voru svikin strax eftir stofnun hans. Heft aðgengi að þeim sem ekki eru fullfrískir til gangs, lokun Vonarskarðs, leiðar norðan Dyngjufjalla og fleiri slóða. Við gerum ráð fyrir sömu vinnubrögðum í Hálendisþjóðgarði.
- 2) Það eru engar forsendur fyrir því að stofna „ríki“ í ríkinu sem tekur u.þ.b. 30 % af öllu Íslandi og þar með hefta ákvarðanir barna okkar um að ráðstafa auðlindum landsins.
- 3) Við teljum að fylgjendur Hálendisþjóðgarðs séu ekki meðvitaðir um sanna náttúruvernd á hálendinu og hvernig samtök eins og F4X4 hafa unnið markvist að landgræðslu, stikun slóða og útgáfu fræðslurita til almennings.
- 4) Óásættanlegt er að veita þjóðgarðsvörðum og öðrum starfsmönnum þjóðgarðs óskorað „lögregluvald“ skv. 25. gr. um eftirlit.
- 5) Áætlun um fjárhagslegan grundvöllur reksturs Hálendisþjóðgarðs upp á 2 – 2,5 milljarða rekstur að sögn Umhverfisstjórnar er ekki trúverður. Líklega er að um 3-5 milljarðar kostnað sé að ræða, að álitu ýmissa sérfræðinga og aðila í ferðþjónustunni.
- 6) Hálendisþjóðgarður getur ekkert gert umfram það sem núverandi stjórnkerfi innan Miðhálandisliðu getir gert. Vandamálið er að veita fjármagn í réttan farveg til umhverfismála og það þarf ekki sérstakan ríkisþjóðgarð til að fá það fjármagn með stjórnkerfi að skipan ráðherra upp á 130 fulltrúastöður í stjórn og umdæmisráð á 6 rekstarsvæðum. Alþingismenn og ráðuneyti þurfa bara að huga betur að fjármögnun innviða á hálendinu.
- 7) Rök bænda og sveitarfélaga um að engin nauðsyn sé á Hálendisþjóðgarði, verndun og umgengni við hálendið sé í góðum málum í nútíð. Við erum sammála því og þekkjum það af eigin raun.
- 8) Við teljum að í dag sé að um óverulegan utanvegaakstur sé að ræða og sjáum það að sá utanvegaakstur sem með undantekningu er, sé ekki af völdum þeirra aðila sem umræðunni er beint gegn.

Virðingarfyllst f.h.

Ferðafrelsisnefnd Eyjafjarðardeildar F4x4

Elías Þorsteinsson formaður.